

131. fundur dómaranefndar 26. mars kl. 18:00 í Ásvallalaug, Hafnarfirði.

Mættir: Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Viktoría Gísladóttir, Björn Valdimarsson, Sigurbór Sævarsson.

Forföll: Ragnheiður Birna Björnsdóttir, Lárus Lúðvík Hilmarsson.

Fundarefni:

Næstu sundmót á vorönn 2025:

Vormót Ármanns 5. – 6. apríl,
ÍM50 11. – 13. Apríl í Laugardalslaug,
Vormót Blika 25. – 26. apríl,
IMOC 2. – 3. maí í Ásvallalaug, Hafnarfirði,
Skólamatarmót ÍRB 9. – 11. maí,
Flokkamót ÍF 24. – 25. maí,
VIT-HIT leikarnir 30.05 – 01.06 á Akranesi,
AMÍ á Akureyri 20. – 22. júní,
SMÍ í Ásvallalaug, Hafnarfirði 28. – 29. júní

Dómaranámskeið á vorönn 2025:

Ásmeginmót SH 19. mars, fellt niður, Haldið verður dómaranámskeið 3. apríl í tengslum við Lýsismót Ármanns, og 23. apríl í Pálsstofu. Einnig er stefnt á að halda dómaranámskeið á Akureyri fyrir AMÍ í júní.

Dómarar uppfærðir úr nema í almenna dómarar: Marzena Kempisty – Sundfélag Óðinn

Erlend verkefni:

Smáþjóðaleikarnir í Andorra, tvær umsóknir bárust, Tómas Gísli Guðjónson og Viktoría Gísladóttir. Stjórn SSÍ hefur samþykkt umsóknir þeirra og sent til ÍSÍ til umsagnar. EA Junior Swimming Championship í Slovakíu, Ragnheiður Birna Björnsdóttir, Tómas Gísli Guðjónsson. Stjórn SSÍ hefur samþykkt umsókn þeirra og hefur sent til EA.

WA Technical Officials pathway and appointments rules: sátum teams fund sem haldin var þann 25. Mars á vegum WA. Stjórn SSÍ er hvött til að kynna sér nýjar brautir dómarastarfsins innan WA. Dómaranefnd óskar eftir að funda með fulltrúum stjórnar og fara yfir þessar breytingar. Gott væri að funda sem fyrst svo að alþjóðlegir dómarar og ræsar geti hugað að næstu skrefum að sínum ferli sem alþjóðlegir dómarar. Það er alveg ljóst að það verður að vera samstarf og samstaða um framhaldið.

Yfirfara punkta dómara – Farið yfir punktastöðu dómara með tilliti til reglna SSÍ. Uppfærður listi verður sendur SSÍ til birtingar á heimasíðu. Búið er að senda lista til Leifs Guðna hjá SSÍ

Dómaranefnd vinnur að gerð „Siðareglu dómara“. : er í lokafrágangi.

Erindi frá Sunddeild Ármanns vegna Lýsismót Ármanns.: Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Björn Valdimarsson og Sigurbór Sævarsson munu taka að sér utanumhald dómara og skipta með sér verkum.

Önnur mál:

Yfirdómaraefni: verið er að skoða einstaklinga sem hafa áunnið sér hæfilega punktastöðu til að fara í yfirdómaranámskeið sem fyrirhugað er að hefja á komandi sundári.

Fundi slitið kl. 20:30

Næsti nefndarfundur verður þann 28. apríl staðsetning í tbd.